

ERINDISBRÉF FYRIR

SAMRÁÐSHÓP UM MÁLEFNI FÓLKS MEÐ FÖTLUN

Ábyrgðaraðili

Bæjarstjórn Garðabæjar.

Markmið og forsendur

Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks er skipaður samkvæmt 2. mgr. 42. gr. laga um félagsþjónustu sveitafélaga nr. 40/1991, sbr. 10. gr. laga nr. 37/2018. Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks (Notendaráð) er formlegur samráðsvettvangur þar sem fjallað er um þjónustu við fatlað fólk og framkvæmd og þróun þjónustunnar. Samráðshópurinn er umsagnaraðili vegna umsókna um starfsleyfi þjónustu- og rekstaraðila sem hyggja á starfsemi sem hefur þann megin tilgang að veita fötluðu fólki sértæka aðstoð eða þjónustu.

Hlutverk og helstu verkefni

- Að vera bæjarstjórn, nefndum og ráðum Garðabæjar til ráðgjafar um málefni fatlaðs fólks.
- Að fylgjast með stefnumótun og þróun hugmyndafræði er varðar þjónustu við fatlað fólk og gera tillögur að breytingum á þjónustu sveitarfélagsins.
- Að hafa samráð við þjónustubega, hagsmunaaðila og íbúa í sveitarfélaginu um málefni fatlaðs fólks.

Skipan samráðshóps

Á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar, hinn 17. janúar 2019 var samþykkt að skipa sex fulltrúa í samráðshópinn og þar ef eru þrír fulltrúar tilnefndir af hagsmunsaðilum. Tveir fulltrúar eru tilnefndir af Öryrkjabandalagi Íslands og einn fulltrúi tilnefndur af Landsamtökunum Þroskahjálp.

Fulltrúar í samráðshópi

- Bjarni Th. Bjarnason, kjörinn af bæjarstjórn
- Bergljót Sigurbjörnsdóttir, kjörin af bæjarstjórn
- Sara Dögg Svanhildardóttir, kjörin af bæjarstjórn
- Bergþóra Bergsdóttir, tilnefnd af ÖBÍ
- Elín H. Hinriksdóttir, tilnefnd af ÖBÍ
- Þorkell Jóhannsson, tilnefndur af Landsamtökunum Þroskahjálp

Verklag:

Samráðshópurinn skal að jafnaði funda þrisvar sinnum á ári og oftár ef þörf krefur. Á fundum samráðshópsins skulu ritaðar fundargerðir, þar sem fram koma helstu ákvarðanir, verkefni sem unnin skulu á milli funda og annað það sem máli skiptir fyrir störf hópsins.

Ráð og nefndir Garðabæjar skulu leita umsagnar samráðshópsins um mál sem varða sérstaklega hagsmunum fatlaðra íbúa í sveitarfélaginu.

Samráðshópurinn getur einnig tekið mál upp að eigin frumkvæði og sent ályktanir eða erindi til viðkomandi ráðs eða nefndar. Samráðshópurinn getur kallað til þá starfsmenn sveitarfélagsins eða sérfræðinga sem hann telur nauðsynlegt hverju sinni. Áður en lagt er út í kostnað við kaup á þjónustu sérfræðings skal kostnaðarmat lagt fyrir bærarstjóra til samþykktar.

Fundargerðir skulu lagðar fram í bærarstjórn og fjölskylduráði.

Fulltrúar í samráðshópnum fá greidda þóknun fyrir fundarsetu, samkvæmt samþykkt bærarstjórnar um laun fyrir störf í bærarstjórn Garðabæjar, nefndum og ráðum á vegum bærarstjórnar.

Starfsmaður

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs eða starfsmaður tilnefndur af honum situr fundi starfshópsins með málfrelsi og tillögurétt. Starfsmaður sér um fundarboðun í samráði við formann, fundarritun og eftirfylgni mála.

Starfstími

Starfstími samráðshópsins er sami og kjörtímabil bærarstjórnar.

Samþykkt í Bærarstjórn þann xxx.

Guðjón Erling Friðriksson, bærarritari